

Fundur í skólaráði 20. maí 2026

Skipulag næsta skólaárs

- Við útskrifum 67 nemendur úr 6. bekk og skráðir hafa verið 56 nemendur í 1. bekk, nokkrir í aðra árganga. Þannig að nemendafjöldi verður svipaður
- Við höfum 2019 árganginn áfram í 4 bekkjum - í það fara allir tímar sem við eigum í sveigjanlegt skólastarf
- Enginn fastráðinn kennari að hætta
- Höfum ráðið tónmenntakennara í 80% starf
- Hugmynd um að búa til lotu sem heitir: Sköpun – þar sem markmiðið er að þjálfra skapandi hugsun og tengja við nýsköpun. Ábendingar komu frá MJ að gæta þess að afurð sé sýnd jafnvel þó það séu bara teknar myndir af vinnunni.
- Lítur út fyrir að það verði engin heimilisfræði. En við munum reyna að koma því í einhvers konar ferli að stofan verði notuð.
- Margir leiðbeinendur verða í kennaranámi á næsta skólaári – jákvætt en áskorun, þar sem fólk þarf að sækja tíma og því gætu komið upp áskoranir í stundatöflugerð.
- Skjól/Frístund – munum þurfa að samnýta fleiri svæði.

Útskrift og skólalok

- Vordagar: Flestir verða á ferðinni í nágrenni skólans en 6. bekkur fer í vorferð, en bara 1. og 6. bekkur fá rútur. 1. bekkur fór í sveitaferð í maí og 6. bekkur fer í „útskriftarferð“ í júní.
- Vorhátíð: Nanna Hlíf sér um skipulag í samstarfi við foreldrafélagið
- Skólaslit: Ætlum að vera með fleiri athafnir og hafa þær hátíðlegri.
- Starfsfólk fer í námsferð til Feneyja 12. – 16. júní

Samantekt

Skólastarf hefur gengið vel, ánægja með 150 ára afmælishátíðina.

Fjölgreindaleikar framundan, menedur í 6. bekk búnir að bíða spenntir. Er löngu orðinn fastur liður í skólastarfi Mýrarhúsaskóla.

Niðurstöður úr matsferilsprófum í 4. og 6. bekk komu mjög vel út.

Húsnæði: Erum enn að bíða eftir framkvæmdaáætlun. Stærstar eru þakframkvæmdir og loftræsting. Okkur er sagt að farið verði í þær framkvæmdir 2027 þegar byggingu nýs leikskóla er lokið.

Önnur mál

Leikjanámskeið Gróttu, sem verða í Való, byrja 15. júní. Skjól lokar 10. júní og það þýðir að 11. og 12. júní eru ódekkðir. Einar og Baldur eru að skoða hvort hægt er að halda Skjóli/Frístund opnu tveimur dögum lengur.

Ekki meira gert og fundi slitið kl. 9:17